

Vigdís Finnboga- dóttir sjálfkjörin

FRESTUR til þess að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands næsta kjörtímabil rann út í gær. Eitt framboð barst, frá Vigdísí Finnbogadóttur, forseta Íslands. Er hún því sjálfkjörin.

Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands 1980 og lýkur kjörtímabili hennar 31. júlí nk. Hinn 1. ágúst nk. verður Vigdís Finnbogadóttir sett í embætti til næstu fjögurra ára eða til 31. júlí 1988.



**Vigdís Finnbogadóttir,
forseti Íslands.**